

Notkunarleiðbeiningar

Talnalás
2605 ..

GIRA

Efnisyfirlit

Lýsing á búnaðinum	4
Lýsing á búnaði	5
Notkunarmöguleikar	6
Notkun	8
Staðfestingarmerki	10
Búnaðurinn tekinn í notkun	11
Tengiklemmur	12
Uppsetning	13
Hver er munurinn á kerfisstjóra og notanda?	14
Fyrsti kerfisstjóri stilltur inn	15
Notandi fyrir liða 1 stilltur inn	16
Notandi fyrir liða 2 stilltur inn	17
Annar kerfisstjóri stilltur inn	18
PIN-númeri kerfisstjóra/notanda breytt	19
Notanda eytt	20
Kerfisstjóra eytt	21
Kveikt/slökkt á lýsingu hnappa	22
Kveikt/slökkt á staðfestingartónum	23
Tímastilling liða	24
Endursett á verksmiðjustillingar - val á ham	25
Notkun í dyrasímakerfi	27
Tenging við dyrasímakerfið	28
Tenging notanda við tiltekinn rofaliða/hurðaopnara	30
Tenging notenda við hóprofaliða/hóphurðaopnara	31

Aðgerðahnappurinn "F" tengdur við rofaliða	32
Bjölluhnappur tengdur við innistöð	33
Bjölluhnappur tengdur við tiltekna innistöð	34
Bjölluhnappur tengdur við rofaliða	35
Bjölluhnappur tengdur við tiltekinn rofaliða	36
 Rafliðar/rofaliðar - hvað skiptir hvenær?	37
Fimm reglur um val á réttum hami	38
Hamur tengdur við tiltekinn notanda	39
Hamur tengdur við notendahóp	40
 Dæmi	
Dæmi 1: Búnaðurinn notaður einn sér	41
Dæmi 2: Búnaðurinn notaður með dyrasímakerfi í fjölbýli	43
Dæmi 3: Búnaðurinn notaður með dyrasímakerfi í einbýli	47
Dæmi 4: Notkun í dyrasímakerfi án tals	50
 Viðvörðun ef búnaðurinn er tekinn af	51
Tafla fyrir skráningu upplýsinga um tengingar	52
Ef PIN-númer kerfisstjóra glatast	53
Tæknilýsing	54
Ábyrgð	55

Lýsing á búnaðinum


Talnalásinn býður upp á þægilega og örugga aðgangsstjórnun jafnt innan- sem utandyra. Þegar persónulegur talnakóði hefur verið sleginn inn opnar talnalásinn hurðina. Næmir snertihnappar gera kleift að stjórna búnaðinum með lauslegri snertingu. Hægt er að nota talnalásinn einan sér, t.d. við stakar hurðir eða stök hlið. Einnig er hægt að nota hann sem hluta af Gira dyrasímakerfi án þess að það kalli á frekari stjórnþúnað.

Hægt er að færa stillingar beint inn í tækið með einföldum hætti án tölvu eða stillingahugbúnaðar.

Tengja má mismunandi kóða við tvær innbyggðu, spennulausu víxlnerturnar. Þannig er hægt að framkvæma tvær mismunandi aðgerðir, t.d. kóða 1 til þess að stjórna hurðaopnara og kóða 2 til þess að kveikja á útiljosi með straumstuðsliða. Talnalásinn getur haldið utan um allt að 255 kóða (þ.m.t. kerfisstjóra- og opnunarkóða).


Innandyra (IP 20) er talnalásinn settur upp í ramma úr System 55 línunni, en utandyra (IP 44) í TX_44 ramma.

Lýsing á búnaði



TX_44

- 1 Tengikapall fyrir dyrasímakerfi
- 2 Innfelld grunneining (talnalás)
- 3 Neðri hluti TX_44 ramma (fylgir ekki með)
- 4 Talnalás
- 5 Stöðuljós
- 6 Efri hluti TX_44-ramma (fylgir ekki með)



System 55

- 1 Tengikapall fyrir dyrasímakerfi
- 2 Innfelld grunneining (talnalás)
- 3 System 55 rammi (fylgir ekki með)
- 4 Talnalás
- 5 Stöðuljós


Búnaðurinn notaður einn og sér

Í þessu tilviki eru spennulausu snerturnar í innfelldu grunneiningunni notaðar, t.d. fyrir hurðaopnara með eigin spennugjafa.



Búnaðurinn notaður einn og sér á stöðum þar sem ekki eru gerðar miklar kröfur um öryggi

Ekki ráðlagt fyrir opnun útihurða, einkum á stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur um öryggi, því hægt er að fjarlægja talnalásinn og opna hurðina með því að tengja framhjá snertunum sem eru þá óvarðar.




- 1 Talnalás
- 2 Hurðaopnari
- 3 Spennugjafi 24 V DC
- 4 Spennugjafi hurðaopnara

Notkun í dyrasímakerfi

Hægt er að tengja talnalásinn við dyrasímakerfi með meðfylgjandi tengikapli. Þannig er til dæmis hægt að stjórna hurðaopnarasnertu stýrieiningarinnar með talnalásinum eða nota hann til að framkvæma aðgerð með rofaliða.

Auk þess er hægt að hringja beint í tilteknar innistöðvar.

- 1 Utanáliggjandi handfrjáls innistöð
- 2 Innfelld útistöð með talnalás
- 3 Hljóðstýrieining
- 4 Hurðaopnari



Verjið stýrieininguna gegn óviðkomandi aðgangi

Á stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur um öryggi ætti að setja stýrieininguna þannig upp að óviðkomandi hafi ekki aðgang að henni.

Hnappur "F" - stjórnun rofaliða

Stutt er á hnapp "F" til þess að virkja tengdan rofaliða.

Hnappur "C" - leiðrétting

Með hnappi "C" er röngum innslætti eytt. Verður þá að slá allan talnakóðann inn að nýju.

1	2	3	F
4	5	6	
7	8	9	
*	0	#	C

Hnappur - hringt við dyr

Í smærri byggingum er hægt að nota hnapp  sem kallhnapp.

Stutt er á hnappinn  til þess að hringja í tengda innistöð.

Hnappur - hringt í tiltekna innistöð

Í byggingum með mörgum innistöðvum er hægt að hringja beint í tengdar innistöðvar. Fær þá hver innistöð sitt eigið auðkenni. Hringt er í innistöðina með því að slá inn eftirfarandi:

Auðk. not.



Hnappur - dyr opnaðar

Dyrnar eru opnaðar með því að slá inn eftirfarandi:

Ef stillt er á ham fyrir smærri byggingar:

PIN not.



Ef stillt er á ham fyrir stærri byggingar (sjá bls. 25):

Auðk. not. * PIN not.



Hægt er að slökkva á staðfestingartónum

Hægt er að slökkva á staðfestingartónum sem heyrast við notkun (sjá bls. 23).

Staðfestingarmerki

Þegar talnalásinn er notaður gefur hann frá sér mismunandi staðfestingarmerki:

Jákvætt staðfestingarmerki

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér langan staðfestingartón og ljósdíóðan logar um leið í grænum lit.

Neikvætt staðfestingarmerki

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér þrjá stutta staðfestingartóna og ljósdíóðan logar um leið í rauðum lit.

Kerfisstjórstilling virk

- ✓ Ljósdíóðan logar í appelsínugulum lit.

Í dyrasímakerfi:

Forritunarstilling virk

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér stuttan staðfestingartón og ljósdíóðan blikkar í appelsínugulum lit.

Farið úr forritunarstillingu

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér stuttan staðfestingartón og slökkt er á ljósdíóðunni.



Slökkt á staðfestingartóni

Ef slökkt er á staðfestingartóninum (sjá bls. 23) gefur búnaðurinn ekki frá sér hljóðmerki til staðfestingar. Staðfestingarmerki eru þá eingöngu gefin með ljósdíóðunni.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar talnalásinn er tekinn í notkun þarf að framkvæma eftirfarandi atriði í þessari röð:

- I. Setjið talnalásinn upp (frá bls. 12)
→ Ljósdióðan blikkar í grænum lit

I

- II. Stillið inn fyrsta kerfisstjóra (bls. 15)

* 3 * Auðk. stj._{Nýtt} * PIN stj._{Nýtt} #

II

- III. Stillið inn notanda fyrir liða 1/2 (frá bls. 16)

* 1/2 * Auðk. not._{Nýtt} * PIN not._{Nýtt} #

III

- IV. Færið inn stillingar fyrir talnalásinn (frá bls. 19)

IV

- V. Notkun í dyrasímakerfi:
Tengið hurðaopnara/rofaliða (frá bls. 27)

V

1



Liði 1	1	Liði 1 N.O. (lokunarsnerta)
	2	Liði 1 COM
	3	Liði 1 N.C. (opnunarsnerta)
Þjónusta	4	skiljið eftir
	5	skiljið eftir
	6	GND
Liði 2	7	Liði 2 N.O. (lokunarsnerta)
	8	Liði 2 COM
	9	Liði 2 N.C. (opnunarsnerta)
Spennugjafi	10	GND
	11	+ 24 V DC
	12	laust
Dyrasímakerfi	13	Sex póla tengi dyrasímakerfis



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Talnalásinn er tengdur með báðum lausu tengiblokkunum og settur upp í innfelldri 58-dós.

1. Takið tengiblokkina sem á að nota af og tengið í viðkomandi klemmur.
2. Setjið tengiblokkina aftur á innfelldu grunneininguna.
3. Setjið innfelldu grunneininguna í innfelldu dósina.
4. Setjið rammann á og setjið lokið á talnalásinn.
- ✓ 10 sekúndum eftir að rekstrarspenna er sett á blikkar ljósdíóða talnalássins í grænum lit.
5. Talnalásinn tekinn í notkun:
 - stillið fyrst inn kerfisstjóra (bls. 15),
 - stillið svo inn notendur (frá bls. 16),
 - og tengið því næst aðgerðir rofaliða eða hurðaopnara ef svo á við (frá bls. 30).

Hver er munurinn á kerfisstjóra og notanda?

Stilla verður inn kerfisstjóra þegar búnaðurinn er tekinn í notkun. Notendur eru stilltir inn fyrir almenna notkun búnaðarins.

Kerfisstjóri

Kerfisstjóri samanstendur alltaf af auðkenni og PIN-númeri kerfisstjóra

- Auðkenni kerfisstjóra: 1 til 6 stafir
- PIN-númer kerfisstjóra: 1 til 32 stafir (fyrir stillingar talnalássins)

Notandi

Notandi samanstendur alltaf af auðkenni og PIN-númeri notanda

- Auðkenni notanda: 1 til 6 stafir
(þegar hringt er við dyr)
- PIN-númer notanda: 1 til 32 stafir (til að stjórna hurðaopnara eða rofaliða)



Upplýsingar um auðkenni og PIN-númer

Ekki er hægt að úthluta sama auðkenni oftari en einu sinni. Fái kerfisstjóri til dæmis auðkennið 1 getur notandi ekki verið með sama auðkenni.

Ekki er hægt að úthluta sömu PIN-númerum nema að stillt sé á ham fyrir stærri byggingar. Nánari upplýsingar um hami fyrir smærri og stærri byggingar er að finna á bls. 26.

Fyrsti kerfisstjóri stilltur inn

Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun þarf að stilla inn kerfisstjóra. Hafi kerfisstjóri ekki verið stilltur inn blikkar ljósdíóða talnalássins í grænum lit.



Auðkenni og PIN-númer kerfisstjóra

Auðkenni og PIN-númer kerfisstjóra er ekki hægt að nota fyrir skiptiaðgerðir, til dæmis til þess að opna hurð.

Kerfisstjóri stilltur inn:

✓ Ljósdíóðan blikkar í grænum lit.

1. Stillið inn nýjan kerfisstjóra:

*	3	*	Auðk. stj.	Nýtt	*	PIN stj.	Nýtt	#
---	---	---	------------	------	---	----------	------	---

✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingamerki: Kerfisstjórinn hefur verið stilltur inn.

Talnalásinn er nú í kerfisstjórastillingu.

2. Skráið auðkenni og PIN-númer kerfisstjóra í töfluna á bls. 52.



Er stillt á réttan ham?

Við afhendingu er búnaðurinn forstilltur á ham fyrir smærri byggingar, þ.e. ekki er hægt að úthluta sömu PIN-númerum. Nánari upplýsingar um hami fyrir smærri og stærri byggingar er að finna á bls. 26.

Notandi fyrir liða 1 stilltur inn

Hér fara á eftir leiðbeiningar um það hvernig notandi fyrir liða 1 er stilltur inn.

1. Setjið í kerfisstjórastillingu (ef hún er ekki þegar virk):

* 0 * PIN stj. #

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórastillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Stillið inn notanda fyrir liða 1:

* 1 * Auðk. not._{Nýtt} * PIN not._{Nýtt} #
--

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Notandinn hefur verið stilltur inn.
- ✓ Er þá hægt að stilla inn fleiri notendur.

3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórastillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

* 0 #

4. Skráið auðkenni og PIN-númer notanda í töfluna á bls. 52.

Notandi fyrir liða 2 stilltur inn

Hér fara á eftir leiðbeiningar um það hvernig notandi fyrir liða 2 er stilltur inn.

1. Setjið í kerfisstjórstillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórstillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Stillið inn notanda fyrir liða 2:

*** 2 * Auðk. not._{Nýtt} * PIN not._{Nýtt} #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Notandinn hefur verið stilltur inn.
- ✓ Er þá hægt að stilla inn fleiri notendur.

3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórstillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

4. Skráið auðkenni og PIN-númer notanda í töfluna á bls. 52.

Annar kerfisstjóri stilltur inn

Kerfisstjóri er stilltur inn með eftirfarandi hætti:

1. Setjið í kerfisstjórastillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórastillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Stillið inn nýjan kerfisstjóra:

*** 3 * Auðk. stj._{Nýtt} * PIN stj._{Nýtt} #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Kerfisstjórinn hefur verið stilltur inn.
3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórastillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

4. Skráið auðkenni og PIN-númer kerfisstjóra í töfluna á bls. 52.

PIN-númeri kerfisstjóra/notanda breytt

Viðkomandi PIN-númeri er breytt með því að úthluta nýju PIN-númeri til notanda eða kerfisstjóra:

1. Setjið í kerfisstjórastillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórastillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Breytið PIN-númeri notanda:

*** 4 * Auðk. not. * PIN not._{Nýtt} #**

Breytið PIN-númeri kerfisstjóra:

*** 4 * Auðk. stj. * PIN stj._{Nýtt} #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: PIN-númerinu hefur verið breytt.
 - ✓ Talnalásinn gefur frá sér neikvætt staðfestingarmerki: Ógilt auðkenni hefur verið slegið inn.
3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórastillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

Notanda eytt

Notanda er eytt með eftirfarandi hætti:

1. Setjið í kerfisstjórstillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórstillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Eyðið notanda:

*** 5 * Auðk. not. #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Notandanum hefur verið eytt.
- ✓ Talnalásinn gefur frá sér neikvætt staðfestingarmerki: Rangt auðkenni notanda var slegið inn.
- ✓ Er þá hægt að eyða fleiri notendum.

3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórstillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

4. Eyðið upplýsingum um notendur sem hefur verið eytt úr töflunni á bls. 52.

Kerfisstjóra eytt

Kerfisstjóra er eytt með eftirfarandi hætti:

1. Setjið í kerfisstjórastillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórastillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Eyðið kerfisstjóra:

*** 5 * Auðk. stj. #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Kerfisstjóranum hefur verið eytt.
 - ✓ Talnalásinn gefur frá sér neikvætt staðfestingarmerki: Rangt auðkenni kerfisstjóra var slegið inn.
 - ✓ Er þá hægt að eyða fleiri kerfisstjórum.
3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórastillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn: *** 0 #**

IV



Ekki er hægt að eyða síðasta kerfisstjóra

Til þess að eyða síðasta kerfisstjóranum þarf að endursetja á verksmiðjustillingar (bls. 25).

4. Eyðið upplýsingum um kerfisstjóra sem hefur verið eytt úr töflunni á bls. 52.

Kveikt/slökkt á lýsingu hnappa

Hægt er að kveikja/slökkva á hnappalýsingu talnalássins með eftirfarandi hætti:

1. Setjið í kerfisstjórstillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórstillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Kveikið á lýsingunni:

*** 61 * 1 #**

Slökkvið á lýsingunni:

*** 61 * 0 #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Kveikt eða slökkt hefur verið á lýsingunni.

3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórstillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

Kveikt/slökkt á staðfestingartónum

Kveikt/slökkt er á staðfestingartónum með eftirfarandi hætti. Auk þess er hægt að velja hvort staðfestingartónarnir séu hátt eða lágt stilltir.

1. Setjið í kerfisstjórstillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórstillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Slökkvið á staðfestingartónum:

*** 62 * 0 #**

Kveikið á staðfestingartónum (lágt):

*** 62 * 1 #**

Kveikið á staðfestingartónum (hátt):

*** 62 * 2 #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Staðfestingartónarnir hafa verið stilltir.
3. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórstillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

Tímastilling liða

Hægt er að færa inn tímastillingu fyrir liða á bilinu 3 til 30 sekúndur. Tímastillingin á við um báða liða.

1. Setjið í kerfisstjórstillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórstillingu.
- ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).

2. Hefjið ferlið:

*** 63 #**

- ✓ Ljósdióðan logar í rauðum lit

3. Styðjið á hnapp til að hefja tímastillinguna.

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón með sekúndu millibili og ljósdióðan blikkar um leið í grænum lit. Meðan á stillingunni stendur eru liðarnir ekki gerðir virkir.

- IV** 4. Stutt er aftur á einhvern hnapp til að ljúka tímastillingunni.

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Tímastillingunni hefur verið breytt.

5. Farið er sjálfkrafa úr kerfisstjórstillingu að 15 sekúndum liðnum eða eftir að slegið er inn:

*** 0 #**

Endursett á verksmiðjustillingar - val á ham

Hægt er að endurstilla talnalásinn á þá stöðu sem hann var í við afhendingu. Þegar það er gert eyðast út allar stillingar fyrir notendur og kerfisstjóra.

1. Setjið í kerfisstjórastillingu (ef hún er ekki þegar virk):

*** 0 * PIN stj. #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórastillingu.
 - ✓ Ef staðfestingarmerkið er neikvætt gefur það til kynna að innslátturinn hafi verið rangur (t.d. PIN-númer kerfisstjóra).
2. Endurstillt á ham fyrir smærri byggingar:

*** 9 * 1230 #**

Endurstillt á ham fyrir stærri byggingar:

*** 9 * 1231 #**

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki og blikkar svo í grænum/rauðum lit. Því næst blikkar ljósdíóðan í grænum lit, allar stillingar talnalássins eru endursettar og öllum notendum og kerfisstjórum er eytt. Talnalásinn er þá í þeim ham sem var valinn.

IV



Athugið!

Kerfisstjóra er einnig eytt

Stilla verður inn kerfisstjóra áður en stillingar eru færðar inn að nýju.

Munurinn á hami fyrir smærri byggingar og hami fyrir stærri byggingar

Í verksmiðjustillingu er stillt á ham fyrir smærri byggingar.

Hamur fyrir smærri byggingar þýðir:

- að ekki er hægt að úthluta sömu PIN-númerum fyrir notendur
- og að aðeins þarf að slá inn PIN-númer notanda til þess að opna hurð:

PIN not.



Hamur fyrir stærri byggingar þýðir:

- að hægt er að úthluta sömu PIN-númerum fyrir notendur
- og að bæði þarf að slá inn auðkenni og PIN-númer notanda til þess að opna hurð:

Auðk. not. * PIN not.



IV



Þegar búnaðurinn er tekinn í notkun

Þegar lykilhnappurinn er tengdur við rofaliða eða hurðaopnara í ham fyrir stærri byggingar verður einnig að slá inn auðkenni notanda:

Auðk. not. * PIN not.






Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal stilla inn kerfisstjóra og notendur

Áður en talnalásinn er tekinn í notkun í dyrasímakerfinu verður að stilla inn viðkomandi kerfisstjóra og notendur (frá bls. 15).

- 1 Utanáliggjandi innistöð
- 2 Útistöð með talnalás
- 3 Rofaliði
- 4 Stýrieining
- 5 Hurðaopnari




Tengja má talnalásinn við innfelldar Gira útistöðvar og við innbyggða hátalarann. Með talnalásnum er hægt að stjórna allt að 16 rofaliðum (8 hóprofaliðum + 8 stökum rofaliðum) og hurðaopnara. Auk þess er hægt að hringja beint í innistöðvar í dyrasímakerfinu.

Full virkni rofaliða frá og með Index I01.

Tenging við dyrasímakerfið

Talnalásinn er tengdur við samskiptaeiningu eða grunneiningu kallhnappa í Gira dyrasímakerfinu með meðfylgjandi tengikapli.



- 1 Talnalás
- 2 Samskiptaeining

Talnalásinn getur fengið spennu um Bus dyrasímakerfisins. Þegar það er gert verður að leggja lykkjur milli ZV og BUS á samskiptaeiningu útistöðvarinnar.



Takið dyrasímakerfið fyrst í notkun

Taka verður dyrasímakerfið í notkun áður en byrjað er að stilla talnalásinn.

Bein tenging/hóptenging

Við tengingu er greint á milli:

- **beinnar tengingar** einstaka notenda við tiltekinn rofaliða annars vegar og
- **hóptengingar** allra notenda við rofaliða hins vegar.
Með hóptengingu framkvæma allir notendur sem tengdir eru við talnalásinn skiptiaðgerð á rofaliðanum.
Við stillingar er PIN-númer kerfisstjóra slegið inn í stað PIN-númers notanda.



Kosturinn við hóptengingu

Með hóptengingu eru allir notendur tengdir við sameiginlegan rofaliða með einni stillingu.

Notendur sem stilltir eru inn síðar í talnalásnum geta einnig stjórnað þessum sameiginlega rofaliða án þess að frekari stillinga sé þörf.



Annar staðfestingartónn

Ef rofaliðinn er tengdur í vinnslumátanum "Slökkt/kveikt" gefur útistöðin sem tengd er við talnalásinn frá sér annan staðfestingartón til viðbótar.

Tenging notanda við tiltekinn rofaliða/hurðaopnara

Fyrst verður að stilla inn notendur í talnalásnum (frá bls. 16).

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdíóðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdíóðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdíóðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdíóðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
- ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarmerki.
3. Sláið inn PIN-númer notanda og styðjið á lykilhnappinn.

PIN not.



- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki:
Rofaliðinn hefur verið tengdur.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Tengingu notenda við rofaliða eytt

Til þess að eyða tengingunni milli notenda og rofaliða er tengingarferlið endurtekið.

Tenging notenda við hóprofaliða/hóphurðaopnara

Hér fara á eftir leiðbeiningar um hvernig allir notendur í talnalásnum eru tengdir við hóprofaliða eða hóphurðaopnara.

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum (eða á hnappinn "Türöffnerprog." á stýrieiningunni) þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
 - ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarmerki.
3. Sláið inn PIN-númer kerfisstjóra og styðjið á lykilhnappinn.

PIN stj.



- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki: Rofaliðinn hefur verið tengdur.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Tengingu notenda við rofaliða eytt

Til þess að eyða tengingunni milli notenda og rofaliða er tengingarferlið endurtekið.

Aðgerðahnappurinn "F" tengdur við rofaliða

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Haldið hnappinum "Progr." á rofaliðanum inni þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
 - ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarmerki.
3. Styðjið á aðgerðahnappinn "F".

F

- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki:
Rofaliðinn hefur verið tengdur.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Tengingu hnappsins "F" við rofaliða eytt

Til þess að eyða tengingunni milli hnappsins "F" og rofaliða er tengingarferlið endurtekið.

Bjölluhnappur tengdur við innistöð

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Styðjið á bjölluhnappinn. 
 - ✓ Talnalásinn er upplýstur í appelsínugulum lit, útistöðin gefur frá sér einn stuttan og einn langan staðfestingartón og talnalásinn blikkar í appelsínugulum lit.
3. Halðið ljóshnappinum á innistöðinni inni í þrjár sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.
 - ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.
 - ✓ Ef þrír stuttir staðfestingartónar heyrast hefur tengingin ekki farið rétt fram. Verið getur að minni innistöðvarinnar sé þegar fullt.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Fleiri en ein innistöð tengd í hverju vinnuskrefi

Hægt er að tengja allt að 20 kóða í hverju vinnuskrefi. Ef tengja á meira en 20 innistöðvar verður að byrja á því að slá inn fyrstu 20 kóðana og tengja þá svo við innistöðvarnar. Að því loknu er hægt að tengja þá kóða sem eftir eru.



Stillið inn notanda

Til þess að hægt sé að tengja bjölluhnappinn við tiltekna innistöð verður að stilla inn notanda fyrir innistöðina í talnalásnum (bls. 16).

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
 - ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Sláið inn auðkenni notanda og styðjið á bjölluhnappinn.

Auðk. not.



- ✓ Talnalásinn er upplýstur í appelsínugulum lit, útistöðin gefur frá sér einn stuttan og einn langan staðfestingartón og talnalásinn blikkar í appelsínugulum lit.
3. Haldið ljóshnappinum á innistöðinni inni í þrjár sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.
 - ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.
 - ✓ Ef þrír stuttir staðfestingartónar heyrast hefur tengingin ekki farið rétt fram. Verið getur að minni innistöðvarinnar sé þegar fullt.
 4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

Bjölluhnappur tengdur við rofaliða

Ef bjölluhnappurinn er hliðtengdur við rofaliða og innistöð skal fyrst tengja rofaliðann og síðan innistöðina.

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Haldið hnappinum "Progr." á rofaliðanum inni þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
- ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarmerki.
3. Styðjið á bjölluhnappinn. 
- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki:
Rofaliðinn hefur verið tengdur.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Tengingu bjölluhnapps við rofaliða eytt

Tengingu bjölluhnappsins við rofaliðann er eytt með því að halda hnappinum "Progr." á rofaliðanum inni í sex sekúndur þegar dyrasímakerfið er í forritunarstillingu. Er þá öllum tengingum þessa rofaliða eytt.

Bjölluhnappur tengdur við tiltekinn rofaliða

Til þess að hægt sé að tengja bjölluhnappinn við tiltekinn rofaliða verður að stilla inn notanda fyrir rofaliðann í talnalásnum. Ef rofaliði og innistöð eru hliðtengd skal fyrst tengja rofaliðann og síðan innistöðina.

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdióðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Halðið hnappinum "Progr." á rofaliðanum inni þar til ljósdióðan við hliðina á hnappinum byrjar að blikka.
- ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarmerki.
3. Sláið inn auðkenni notanda og styðjið á bjölluhnappinn.

Auðk. not.



- ✓ Talnalásinn gefur frá sér jákvætt staðfestingarmerki:
Rofaliðinn hefur verið tengdur.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.



Tengingu bjölluhnapps við rofaliða eytt

Sjá upplýsingar á bls. 35 um það hvernig tengingu bjölluhnapps við rofaliða er eytt.

Rafliðar/rofaliðar - hvað skiptir hvenær?

Í grunnsamskipan eiga eftirfarandi reglur við um tengingu rofaliða:

- Þegar rofaliði hefur verið tengdur er rafliðum talnalássins ekki skipt.
- Stakur rofaliði hefur alltaf forgang yfir hóprofaliða.

Stakur rofaliði	Hóprofaliði	Rafliði
ekki tengdur	ekki tengdur	skiptir
ekki tengdur	tengdur - skiptir	skiptir ekki
tengdur - skiptir	tengdur - skiptir ekki	skiptir ekki

Flóknari samskipan

Í grunnsamskipan skiptir notandi eingöngu á tengda rofaliðanum. Ef þessi notandi á einnig að stjórna "hóprofaliða" eða rafliða talnalássins er sérstakur hamur tengdur við notandann:

Hamur	Tengdur stakur rofaliði	Tengdur hóprofaliði	Tengdur rafliði
1*	skiptir	skiptir ekki	skiptir ekki
2	skiptir	skiptir	skiptir ekki
3	skiptir	skiptir ekki	skiptir
4	skiptir	skiptir	skiptir

*Verksmiðjustilling

Fimm reglur um val á réttum hami

Regla 1:

Hafi engir af rofaliðum dyrasímakerfisins verið tengdir er alltaf skipt á þeim raflíðum sem tengdir eru við notandann.

Regla 2:

Ef raflíðarnir eiga að skipta ásamt stökum rofaliða eða hóprofaliða verður að velja ham 3 eða 4.

Regla 3:

Stakur rofaliði sem tengdur er við tiltekinn notanda hefur alltaf forgang yfir hóprofaliða.

Regla 4:

Hafi hóprofaliði verið tengdur skiptir hann í ham 1 svo lengi sem stakur rofaliði er ekki tengdur.

Regla 5:

Ef hóprofaliði og stakur rofaliði eiga að skipta samtímis verður að velja ham 2 eða 4.

Hamur tengdur við tiltekinn notanda

Til þess að tengja ham við tiltekinn notanda skal gera eftirfarandi:

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Hægt er að velja viðkomandi ham með því að slá inn PIN-númer notanda og styðja á lykilhnappinn:

PIN not.



- ✓ Þegar talnakóðinn er sleginn inn í fyrsta sinn gefa staðfestingartónar og blick grænu ljósdióðunnar til kynna hvaða hamur er virkur.

Hamur	St. rofaliði	Hóprofaliði	Rafliði	Tónar	LED
1	JÁ	NEI	NEI	1	1x
2	JÁ	JÁ	NEI	2	2x
3	JÁ	NEI	JÁ	3	3x
4	JÁ	JÁ	JÁ	4	4x

3. Þegar stutt er aftur á lykilhnappinn skiptir talnalásinn yfir í næsta ham.
4. Endurtakið skref 3 þar til hamurinn er réttur.
5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

V

Hamur tengdur við notendahóp

Til þess að tengja tiltekinn ham við notendahóp skal gera eftirfarandi:

1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdióðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdióðan blikkar í appelsínugulum lit.
2. Hægt er að velja viðkomandi ham með því að slá inn PIN-númer kerfisstjóra og styðja á lykilhnappinn:

PIN stj.



- ✓ Þegar talnakóðinn er sleginn inn í fyrsta sinn gefa staðfestingartónar og blick grænu ljósdióðunnar til kynna hvaða hamur er virkur.

Hamur	St. rofaliði	Hóprofaliði	Rafliði	Tónar	LED
1	JÁ	NEI	NEI	1	1x
2	JÁ	JÁ	NEI	2	2x
3	JÁ	NEI	JÁ	3	3x
4	JÁ	JÁ	JÁ	4	4x


3. Þegar stutt er aftur á lykilhnappinn skiptir talnalásinn yfir í næsta ham.

- V
4. Endurtakið skref 3 þar til hamurinn er réttur.
 5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

Dæmi 1: Búnaðurinn notaður einn sér

Í þessu dæmi stjórnar liði 1 í talnalásinum hurðaopnaranum. Tveir notendur eiga að geta opnað hurðina með eigin PIN-númeri.

Tenging



- 1 Talnalás
- 2 Hurðaopnari
- 3 Spennugjafi
24 V DC
- 4 Spennugjafi
hurðaopnarans

Búnaðurinn tekinn í notkun

Tveir notendur eiga að geta opnað hurðina

Kerfisstjórinn hefur auðkennið 1 og velur PIN-númerið 1212

Notandi 1 hefur auðkennið 2 og velur PIN-númerið 1234

Notandi 2 hefur auðkennið 3 og velur PIN-númerið 5678

1. Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal stilla inn kerfisstjóra (auðkenni: 1, PIN-númer: 1212):

*	3	*	1	*	1212	#
---	---	---	---	---	------	---

2. Í kerfisstjórstillingu skal stilla inn notendur 1 + 2 fyrir hurðaopnun (liði 1):

Notandi 1 (auðkenni: 2, PIN-númer: 1234)

*	1	*	2	*	1234	#
---	---	---	---	---	------	---

Notandi 2 (auðkenni: 3, PIN-númer: 5678)

*	1	*	3	*	5678	#
---	---	---	---	---	------	---

Notkun

Til þess að opna hurðina þarf að slá inn eftirfarandi:

Notandi 1

1234	
------	---

Notandi 2


5678	
------	---

Dæmi 2:

Búnaðurinn notaður með dyrasímakerfi í fjölbýli

Í þessu dæmi á að nota talnalásinn til að hringja beint í þrjár innistöðvar í fjölbýli.

Tenging



- 1 Utanáliggjandi innistöð
- 2 Útistöð
- 3 Stýrieining
- 4 Hurðaopnari

Búnaðurinn tekinn í notkun

Kerfisstjórinn hefur auðkennið 1 og velur PIN-númerið 1212

Stilltur er inn notandi fyrir hverja innistöð:

fyrir efstu íbúðina: auðkennið 11 með PIN-númerinu 1234

fyrir miðíbúðina: auðkennið 22 með PIN-númerinu 2345

fyrir neðstu íbúðina: auðkennið 33 með PIN-númerinu 3434

1. Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal stilla inn kerfisstjóra (auðkenni: 1, PIN-númer: 1212).

*	3	*	1	*	1212	#
---	---	---	---	---	------	---

2. Í kerfisstjórastillingu skal stilla inn notendur fyrir innistöðvarnar. Þeir eru stilltir inn fyrir liða 1:
Efsta íbúðin (auðkenni: 11, PIN-númer: 1234)

*	1	*	11	*	1234	#
---	---	---	----	---	------	---

Miðíbúðin (auðkenni: 22, PIN-númer: 2345)

*	1	*	22	*	2345	#
---	---	---	----	---	------	---

Neðsta íbúðin (auðkenni: 33, PIN-númer: 3434)

*	1	*	33	*	3434	#
---	---	---	----	---	------	---

Íbúðirnar tengdar

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Fyrir efstu íbúðina:

11



Fyrir miðíbúðina:

22



Fyrir neðstu íbúðina:

33



3. Styðjið á ljóshnappinn á efstu innistöðinni, miðinnistöðinni og neðstu innistöðinni.
4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.

Hurðaopnari tengdur

Allir notendur eiga að geta opnað hurðina með því að slá inn PIN-númer sitt. Þess vegna er hurðaopnarastýring stýrieiningarinnar tengd sem hóprofaliði:

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu fyrir hurðaopnara.
3. Framkvæmið hóptenginguna með PIN-númeri kerfisstjóra (1212):

1212



4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.

Notkun

Til þess að hringja í innistöð er valið:

Auðk. not.



Fyrir miðibúðina væri það til dæmis:

22



Hægt er að opna dyrnar með því að slá inn eftirfarandi:

PIN not.



Íbúar í miðibúðinni opna hurðina með:

2345




Dæmi 3:

Búnaðurinn notaður með dyrasímakerfi í einbýli

Allir íbúar í einbýlishúsinu eiga að geta opnað hurðina.

Kveikja á útiljósið með hnappinum "F".

Tenging



Búnaðurinn tekinn í notkun

Kerfisstjórinn hefur auðkennið 1 og velur PIN-númerið 1212.

Stilltur er inn notandi með auðkennið 2 og

PIN-númerið 2345.

Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal stilla inn kerfisstjóra (auðkenni: 1, PIN-númer: 1212).

*	3	*	1	*	1212	#
---	---	---	---	---	------	---

Í kerfisstjórástillingu skal stilla inn notanda fyrir innistöðina (auðkenni: 2, PIN-númer: 2345). Hann er stilltur inn fyrir rafliða 1:

*	1	*	2	*	2345	#
---	---	---	---	---	------	---

Rofaliðinn tengdur

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Setjið í forritunarstillingu á rofaliðanum og veljið vinnslumátann "Tímastilling/mín."
3. Styðjið á aðgerðahnappinn "F" á talnalásnum.


F

4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.

Hurðaðopnari tengdur

Allir notendur hússins eiga að geta opnað hurðina með því að slá inn PIN-númer sitt:

1. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu.
2. Setjið stýrieininguna í forritunarstillingu fyrir hurðaðopnara.
3. Framkvæmið hóptenginguna með PIN-númeri kerfisstjóra (1212):



4. Takið stýrieininguna úr forritunarstillingu.


Notkun

Til þess að kveikja ljósið:

Styðjið á hnappinn "F".




Hægt er að opna dyrnar með því að slá inn eftirfarandi:



Dæmi 4:

Notkun í dyrasímakerfi án tals

Ef ekki er þörf á talsambandi er hægt að nota talnalásinn í dyrasímakerfinu með eftirfarandi hætti:



- 1 Talnalás
- 2 Samskiptaeining dyrasímakerfis
- 3 Rofaliði
- 4 Stýrieining
- 5 Hurðaopnari



Áður en búnaðurinn er tekinn í notkun skal gæta að eftirfarandi!

Tengja verður samskiptaeininguna við stýrieininguna áður en búnaðurinn er tekinn í notkun. Það er gert með því að leggja lykkju milli ET-klemmanna í þrjár sekúndur þegar kerfið er í forritunarstillingu.

Viðvörðun ef búnaðurinn er tekinn af

Ef talnalásinn er tekinn af gefur innfellda grunneiningin frá sér viðvörðun.

Ef búnaðurinn er notaður einn og sér

Ef talnalásinn er tekinn af innfelldu grunneiningunni heyrir stöðugt hljóðmerki í eina mínútu.

Ef búnaðurinn er notaður í dyrasímakerfi

Ef talnalásinn er notaður í dyrasímakerfi er til viðbótar við stöðuga hljóðmerkið sem heyrir í eina mínútu einnig hægt að senda viðvörðunarkerkið áfram til rofaliða. Með rofaliðanum er þá hægt að framkvæma skiptiaðgerðir eftir þörfum.

Til þess er rofaliðinn tengdur með eftirfarandi hætti:

1. Halðið hnappinum "Systemprogr." á stýrieiningunni inni í þrjár sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu.
- ✓ Ljósdíóðan á stýrieiningunni blikkar.
Talnalásinn gefur frá sér staðfestingartón og ljósdíóðan blikkar í appelsínugulum lit.
Ljósdíóðan fyrir vinnslumáta á rofaliðanum blikkar.
2. Styðjið á hnappinn "Progr." á rofaliðanum
- ✓ Talnalásinn gefur aftur frá sér staðfestingarkerki.
3. Takið talnalásinn af innfelldu grunneiningunni.
4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á stýrieiningunni til þess að fara úr forritunarstillingu.

Tafla fyrir skráningu upplýsinga um tengingar

Kerfisstjórar

Kerfisstjóri	Auðk. stj.	PIN stj.

Notandi

Notandi/aðgerð	Auðk. not.	PIN not.

Ef PIN-númer kerfisstjóra glatast

Ef PIN-númer kerfisstjóra glatast er hægt að slá inn opnunarkóðann til þess að fara í kerfisstjórástillingu og stilla inn nýjan kerfisstjóra.

Opnunarkóðann er að finna á meðfylgjandi öryggiskorti.



1. Sláið inn opnunarkóðann til þess að setja í kerfisstjórástillingu:

*** 0 * Opnunarkóði #**

- ✓ Þegar talnalásinn hefur gefið frá sér jákvætt staðfestingarmerki er hann kominn í kerfisstjórástillingu.
2. Stillið inn nýjan kerfisstjóra (sjá bls. 18).

Tæknilýsing

Spennugjafi:	24 V DC $\pm$ 10% eða um BUS dyrasímakerfis
Varnarflokkur:	IP 20 (System 55) IP 44 (TX_44)
Hitasvið:	-20 °C til +70 °C
Pol gegn afhleðslu stöðurafmagns:	allt að 16 kV
Álagspol rafliða:	24 V/1,6 A AC/DC



Rafliðar varðir með straumskiptidíóðu

Til þess að verja snerturnar er mælt með því að hliðtengja straumskiptidíóðu þegar spanálag (t.d. hurðaopnarar) er tengt.

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni.

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Service Center

Dahlienstraße 12

42477 Radevormwald

Þýskaland

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49(0)21 95 - 602 - 0
Fax +49(0)21 95 - 602 - 119
www.gira.com
info@gira.com

GIRA